

Grímshagi ehf.

Stjórnarfundur 27/11 2012

Fundur í stjórn Grímshaga ehf haldinn á Hvanneyri 27. Nóvember 2012.

Mættir: Guðrún Sigurjónsdóttir stjórnarformaður, Jóhannes Sveinbjörnsson og Þorvaldur T. Jónsson meðstjórnendur, Lárus Pétursson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Til fundarins eru mættir tveir gestir, þau Þorsteinn Ólafsson sérgreinadýralæknir hjá Mast og Flora-Josephine Hagen Liste héraðsdýralæknir Vesturumdæmis. Þau komu á framfæri ábendingum og sjónarmiðum um eftirfarandi atriði:
 - Útivist mjólkurkúa skal vera að lágmarki 8 vikur á sumri og ákjósanlegt að hún standi yfir í lengri tíma. Æskilegt er að kýrnar hafi aðgang að beit í útivistinni, eða hafi í það minnsta aðgang að fóðri utan dyra og gott landrými. Þau bentu jafnframt á að gott væri að upplýsa héraðsdýralækni um það ef tilraunir væru í gangi með útivist kúa.
 - Skýrt er í lögum að geldingar hrúta skuli unnar af dýralæknum en ábendingar hafa borist um að misbrestur sé á því og jafnvel að í einhverjum tilvikum sé verið að gelda hrúta án deyfingar.
 - Frumutala í mjólk Hvanneyrabúsins hefur undanfarna mánuði mælst allt of há og virðist vandamálið viðvarandi. Dýralæknarnir mælast til þess að kallað verði eftir aðstoð sérfræðinga til að bregðast markvisst og fljótt við þessu vandamáli. Gera þau að tillögu sinni að Grétar Hrafn Harðarson dýralæknir og lektor við Lbhí verði fenginn til aðstoðar við að greina vandamálið.
3. Samstarf Lbhí og Grímshaga ehf hefur nú um áramótin staðið yfir í 3 ár og er samstarfssamningurinn nú í endurskoðun. Samningurinn yfirfarinn og ræddur en ekki er gert ráð fyrir meiriháttar breytingar á honum. ÞTJ falið að koma athugasemdum við samninginn á framfæri við Rektor Lbhí. Stefnt að undirritun endurskoðaðs samnings á næstu vikum.
4. Rætt um ýmis mál sem tengjast störfum stjórnar, s.s. starfsreglur, upplýsingar um hagsmunatengsl o.fl. en unnið er að því að uppfylla öll skilyrði laga og samþykka félagsins um þessi atriði. ÞTJ falið að senda út gögn til stjórnarmanna vegna hæfisupplýsinga.

Fleira ekki gert og fundi slitið.